

Að dafna og blómstra með sagnalíst

Námskeið ætlað sagnabulum, foreldrum, kennurum, þerapistum og öðrum áhugasömum.

Námskeiðið fer fram í
Waldorfleiskólanum YI
í Lækjarbotnum
12.-14. apríl 2013

Fyrirlestrar - Hópavinna

Fyrirlesari Nancy Mellon sagnabula og þerapisti frá USA

*Innra með hverri manneskju
býr sú þrá að heyra sögu.
Sagan er lítil gjöf sem hjálpar okkur
að finna rætur sjálfins og tengjast rótum tilverunnar.*



Dagskrá



Föstudagur 12. apríl

18.00 - 18.30	Kynning og söngur
18.30 - 20.30	Fyrirlestur, "How to engage the wise Storyteller within you." Nancy Mellon

Laugardagur 13. apríl

10.00	Mæting. Te og kaffi á könnunni
10.10 - 10.30	Söngur
10.30 - 12.00	Hópavinna
12.00 - 13.00	Hádegismatur
13.00 - 14.30	Fyrirlestur, Nancy Mellon
14.30 - 15.00	Kaffi
15.00 - 16.00	Hópavinna

Sunnudagur 14. apríl

10.00	Mæting. Te og kaffi á könnunni
10.10 - 10.30	Söngur
10.30 - 12.00	Fyrirlestur, Nancy Mellon
12.00 - 13.00	Hádegismatur
13.00 - 14.30	Hópavinna
14.30 - 16.00	Innblástur helgarinnar – uppskeruhátíð

Hópvænna

Storytelling með Nancy Mellon

Sögur veita innblástur og kjark til að takast á hendur ferðalög inn að rótum sjálfsins. Þú eins og allar manneskjur, býrð yfir gnægtarbrunni af persónulegri og almennri reynslu. Leiðin til að virkja þína innri frásagnargáfu er að vekja hlustunina, tjáninguna og sýnina sem umbreytir og heilar.

May your voice be heard.

Ævintýri og hrynlist með Aðalheiði Ólafsdóttur

Grunnhljóð hins talaða orðs og líkamsbeiting tvinnast saman og ferðalagið byrjar fyrir áhorfandann. Hrynlistin birtir það sem býr djúpt í boðskap ævintýrisins. Unnið verður með valið ævintýri og leitast við að myndgera það sem í ævintýrinu býr á listrænan hátt með hreyfingum hrynlistarinnar. Hrynlistina komum við til með að nálgast á forsendum forvitninnar og út frá grunnhreyfingum sem búa í okkur öllum.

Leikbrúðugerð og sviðsetning með Ingibjörgu Sigurjónsdóttur

Við munum sauma litlar ævintýradúkkur, dúkkur sem hægt er að nota þegar sögð eru ævintýri, eða til að setja á árstíðaborð. Við vinnum með ytri ramma ævintýrisins, sjálft ævintýraborðið, leiksviðið. Við upplifum hvernig ævintýrið lifnar við gegnum samspil þessa ytri ramma; ævintýraborðsins og dúkknanna og svo sjálfrar frásagnarinnar. Skoðum hvernig túlka má innihald ævintýranna á lifandi og viðeigandi hátt með því að flétta ýmsar ólíkar nálganir inn í borðspilið, svo sem söng, vers, hljóð, þögn, fingraspil.

Ævintýri og tónlist með Ingu Björk Ingadóttur

Tónlistin - sem býr að baki orðanna og á sér uppsprettu í þögninni. Við höldum í ferðalag inn í hljóðheim ævintýrisins. Skyggunumst á bak við frummyndir og framvindu þess og endurspeglum í sameiginlegri sköpun í tónlistinni. Við notumst við hin ýmsu hljóðfæri, þekkt og minna þekkt, og kynnumst ólíkum eiginleikum þeirra á leið okkar að hinu hljómandi ævintýri.

The Storyteller and the Fairytale (Wonder tale?): með Ivanir Hasson Olsen

Lærðu að tjá lífsreynslusögur sem hugmyndarík ævintýri!

Í þessum vinnuhóp munum við tengja okkur við skapara vel þekktra ævintýra sem oft á tíðum voru að segja frá mjög svo ögrandi krigumstæðum með augum ímyndunarafslsins. Innblásin af frásagnarkröftum þeirra, munum við stíga inn í orku þess skapandi frásagnarferlis sem lifað hefur meðal fjölda þjóða í öllum menningarsamfélögum.

Fimm vinnuhópar eru í boði og velur hver þátttakandi sér einn hóp.


Nancy Mellon

Nancy Mellon, MA, er með reynslu til margra ára í alþjóðlegum heimi frásagnarlistar (storytelling). Hún er höfundur, meðferðaraðili og lærimeistari og í 30 ár hefur hún verið að vekja upp það góða, sannleikann og fegurð talaða og skrifaða orðsins. Nancy starfar með fólki af mismunandi bakgrunni sem leitar að nýrri sýn og betri líðan í persónulegu-, fjölskyldu- og á starfssviði sínu. Hún hefur sérhæft sig í frásagnarlist sem heilandi list, sem kennari og tjáningar meðferðaraðili, jafnframt því styður hún við ýmis listræn verkefni.

"I am a convener of listening circles, and a tender of plot lines. I help people to find their way through dark woods and briar patches to new freedom and well-being." - Nancy Mellon

Nancy er höfundur bókanna "Storytelling with Children", "Storytelling and the Art of Imagination" og nýjasta bók hennar "Body Eloquence" vann verðlaun 2008 í US Books Best Books Award á sviði óhefðbundna lækninga. Einnig hefur hún skrifað barnabókina "The Kottles"

Námskeiðið fer fram í Waldorfleikskólanum Yl í Lækjarbotnum ca 7 km fyrir austan Rauðavatn



Námskeiðsgjald kr. 28.500.- greiðist við skráningu.
Innifalið er heitur matur í hádeginu og síðdegiskaffi.

Skráning á hanna@smart.is
Nánari upplýsingar í síma 8990378

Athugið að fyrirlestrar fara fram á ensku, það á einnig við um hópavinnu hjá Nancy Mellon og Ivanir Hasson Olsen. Önnur hópavinna fer fram á íslensku.